

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Siglufjarðar.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveita Siglufjarðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð fyrir Hitaveitu Siglufjarðar nr. 244 8. júní 1977.

#### 2. gr.

Hitaveita Siglufjarðar lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemilsins og sér um viðhald og endurnýjun hans.

#### 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils samkvæmt ósk húseiganda, fyrstu þrjá mánuðina eftir að húsið hefur verið tengt við hitunarkerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemilis gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera einn mínútulítri.

### II. KAFLI

#### 4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils . . . . kr. 2 143,00

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Vatnsgjald skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns . . . . . kr. 105,37

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiddast á bæjarskrifstofunni, Siglufirði eða á þeim greiðslustöðum sem tilgreindir eru á reikningi. Gjaldþagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjaldþaga.

### III. KAFLI

#### 6. gr.

a. Fyrir hverja hemlagrind skal greiða . . . . . kr. 18 087,00

b. Fyrir hvern rúmmetra húss miðað við utanmál skal greiða . . . . . kr. 83,03

Gjöld samkvæmt a. lið skulu greiddast eftir eignahlutfalli, sé um sameiginlegan hemil að ræða.

Gjöld samkvæmt b. lið skulu greiddast eftir eignahlutfalli.

Gjöld samkvæmt liðum a. og b. skulu þó aldrei vera lægri en . . . . . kr. 36 174,00

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa. Þegar um er að ræða hús, sem nýtt er til íbúðar- og atvinnurekstrar, skal telja húsnæði, sem nýtt er til sérstaks atvinnurekstrar, sem eina íbúð.

Ekki skal greiða rúmmálgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 200 m<sup>3</sup>.

Gjaldendum skal gefinn kostur á að greiða heimæðargjaldið í þrennu lagi.

1/3 hl. greiðist strax við tengingu

1/3 hl. eftir eitt ár og

1/3 hl. eftir tvö ár

Af lánsupphæðinni greiðast útlánsvextir eins og þeir eru á hverjum tíma.

#### 7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og breytast í samræmi við þá vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd. Tengigjöldin skulu vera að fullu greidd áður en vatni er hleypt á hitunarkerfi.

### IV. KAFLI

#### 8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annarra nota en til húshitunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

#### 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

#### 10. gr.

Hitaveita Siglufjarðar hefur rétt til þess að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal eiga greiðan aðgang að öllum hitakerfum, sem tengd eru hitaveitunni. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. mars 1990, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 447, 22. september 1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. febrúar 1990.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*